

Samkomulag um breytingar á kjarasamningum milli aðildarfélaganna ASÍ og SA

Í samningum aðildarfélaganna ASÍ og SA voru ákvæði sem sögðu að í febrúar 2009 skyldi fjalla um framlengingu samninga fyrir tímabilið 1. mars 2009 til 30. nóvember 2010. Samningarnir framlengdust til 30. nóvember 2010 hefðu samningsforsendur staðist. Staðust forsendur ekki að mati forsendunefndar ASÍ og SA skyldi samninganefnd ASÍ og SA leitast við að ná samkomulagi um viðbrögð til að stuðla að framgangi markmiðs samningsins, festa forsendur hans í sessi og tryggja að samningurinn haldi gildi sínu.

Forsendunefnd ASÍ og SA kvað upp þann úrskurð 25. febrúar sl. að forsendur hefðu ekki staðist og sama dag var gert samkomulag milli samninganefndar ASÍ og SA um breytingu á kjarasamningum. Í ljósi efnahagskreppunnar, aukins atvinnuleysis og mikillar verðbólgu sem gerbreytt hafði afkomu heimila, starfsskilyrðum atvinnulífs og forsendum fyrir atvinnustigi og launagreiðslum varð að samkomulagi að fresta framlengingarákvæði samninga til loka júní 2009 og að launabreytingar sem taka áttu gildi 1. mars 2009 frestuðust að sama skapi, að undanskilinni lágmarkstekjutryggingu fyrir dagvinnu. Var það m.a. mat aðila að ekki væri hægt að ákveða endanlegar dagsetningar launahækkana fyrr en stefna nýrrar ríkisstjórnar í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum lægi fyrir.


Háir vextir, lágt gengi krónunnar og fyrirhuguð hækkun skatta á atvinnulífið takmarka mjög getu þess til að taka á sig aukinn launakostnað. Vegna þessa lýstu SA því yfir að þar sem forsendur hafi ekki enn skapast fyrir almennum launabreytingum gæti ekki að óbreyttu komið til framlengingar kjarasamninga frá og með 1. júlí nk.

SA og ASÍ eru hins vegar sammála um að uppsögn kjarasamninga nú sé ekki til þess fallin að stuðla að þeim stöðugleika sem aðilar stefna að og hefur verið markmið og grundvöllur viðræðna aðila vinnumarkaðarins á undanförunum vikum. Í dag hefur verið undirritaður stöðugleikasáttmáli ASÍ, SA, BSRB, BHM, KÍ, SSF, ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Markmið stöðugleikasáttmálans er að stuðla að stöðugu verðlagi, lægri vöxtum, stöðugu og hærra gengi krónunnar og skapa þannig skilyrði fyrir nýrri sókn í atvinnumálum. Í sáttmálanum er kveðið á um áherslur í ríkisfjármálum, ráðstafanir í þágu heimilanna, framkvæmdir til að stuðla að aukinni atvinnu, endurreisn bankanna, afnám gjaldeyrishafta, lækkun vaxta og fleiri aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að bæta stöðu atvinnulífs og heimila. Kveðið er á um aðgerðaáætlun fyrir næstu mánuði sem miðar að því að veigamiklar ákvarðanir og niðurstöður liggi fyrir eigi síðar en í október nk. Aðilar telja að framgangur þessarar áætlunar sé forsenda fyrir framlengingu kjarasamninga og þeim launabreytingum sem samningarnir kveða á um.

Með vísan til ofangreindra aðstæðna og stöðugleikasáttmálans hefur samninganefnd ASÍ og SA ákveðið að fresta endurskoðunar- og framlengingarákvæði kjarasamninga með tilteknum breytingum þannig að forsendur fyrir framlengingu samninga verði metnar að nýju fyrir lok október 2009.

Jafnframt er samkomulag um breytingar á gildandi kjarasamningum. Annars vegar breytingu á kauptöxtum kjarasamninga frá og með 1. júlí 2009 og hins vegar launabreytingar sem koma til framkvæmda með framlengingu kjarasamninga frá og með 1. nóvember 2009. Launabreytingum 1. júlí 2009 er ætlað að koma sérstaklega til móts við það launafólk sem hefur lægstu launin á vinnumarkaðnum og jafnframt tekur laun samkvæmt töxtum en launabreytingum annarra er frestað þar til forsendur hafa skapast eins og að framan segir.

u

 1

Með vísan til ofangreinds hafa SA og samninganefnd ASÍ náð eftirfarandi samkomulagi um breytingar á kjarasamningum milli aðildarféлага ASÍ og SA gerðum 17. febrúar 2008 og síðar:

Endurskoðunar- og framlengingarákvæði samninga er skilyrt frestað og endurskoðun og ákvörðun um framlengingu skal endanlega vera lokið eigi síðar en 27. október 2009. Launabreytingar sem samkvæmt samningum áttu að taka gildi 1. mars 2009 en var frestað skulu koma þannig til framkvæmda:

1. Helmingur hækkana almennra kauptaxta kemur til framkvæmda 1. júlí sem hækka þá um 6.750 kr. eða 8.750 kr. á mánuði. Helmingur hækkana á ákvæðisvinnutöxtum, kostnaðarliðum og fastákvæðnum launabreytingum kemur jafnframt til framkvæmda 1. júlí. Hinn helmingur þessara hækkana (sömu tölur) kemur til framkvæmda 1. nóvember 2009.
2. 3,5% launaþróunartrygging kemur til framkvæmda 1. nóvember 2009 og viðmiðunartími vegna hennar miðast við tímabilið 1. janúar – 1. nóvember 2009.
3. Hækkun kauptaxta, almennar launahækkunar og aðrar kjarabreytingar sem áttu að taka gildi 1. janúar 2010 færast til 1. júní 2010.


Samkomulag þetta skal borið upp í samninganefnd ASÍ og hjá SA til samþykktar eða synjunar. Tilkynna skal um niðurstöðu eigi síðar en 13. júlí nk. Verði samkomulag þetta ekki staðfest hafa báðir aðilar heimild til og með 17. júlí að ákveða að framlengja ekki samningana frá og með 1. júlí 2009. Kjarasamningar falla þá úr gildi og ráðgerðar launabreytingar, þ.m.t. launabreytingar 1. júlí 2009, koma ekki til framkvæmda.


Verði samkomulag þetta staðfest skulu samninganefnd ASÍ og SA meta hvort markmið þríliða stöðugleikasáttmála ASÍ, SA, BSRB, BHM, KÍ, SSF, ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga hafi gengið eftir. Það mat skal liggja fyrir eigi síðar en 27. október 2009. Nái aðilar ekki niðurstöðu eða telji þeir að aðgerðir stjórnvalda hafi ekki náð fram að ganga fyrir þann tíma skal sá aðili sem losna vill undan samningi skýra hinum frá þeirri ákvörðun sinni fyrir kl. 24:00 þann 27. október 2009. Kjarasamningar frá 17. febrúar 2008 falla þá úr gildi og ráðgerðar launabreytingar þann 1. nóvember 2009 og 1. júní 2010 koma ekki til framkvæmda.

Reykjavík, 25. júní 2009

F.h. samninganefndar
Alþýðusambands Íslands
með fyrirvara um samþykki

F.h. Samtaka atvinnulífsins
með fyrirvara um samþykki


Ingibjörg R. Lyndavindadóttir
Kristján Gunnarsson
Guðmundur Guðmundsson
Ólafur Þorsteinsson
Einar Ragnars
Sigríður Jónsdóttir
Kristjánsson



Hannes A. Sigurðsson
Meyja
Einarsson
Jóni Magnússon

Samkomulag milli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins vegna ákvarðanatöku um framlengingu kjarasamninga 1. júlí 2009 sbr. kjarasamninga frá 17. febrúar 2008 og samkomulag 25. febrúar 2009.


Vegna sérstakra aðstæðna á vinnumarkaði hafa samninganefnd Alþýðusambands Íslands og Samtök atvinnulífsins orðið ásátt um að viðbragðsmöguleiki vegna framlengingar kjarasamninga sbr. ákvæði samkomulags aðila frá 25. febrúar 2009 frestist frá lokum júní til 17. júlí 2009.

Reykjavík, 25. júní 2009

F.h. samninganefndar
Alþýðusambands Íslands


Ingibjörg R. Lyndamundelóttin
Katrín Gunnarsdóttir
Sigrún Gunnarsdóttir
Sigrún Gunnarsdóttir
Sigrún Gunnarsdóttir
Sigrún Gunnarsdóttir
Sigrún Gunnarsdóttir
Sigrún Gunnarsdóttir

F.h. Samtaka atvinnulífsins


Hannes G. Sigurðsson
Hannes G. Sigurðsson
Hannes G. Sigurðsson
Hannes G. Sigurðsson
Hannes G. Sigurðsson
Hannes G. Sigurðsson

Samkomulag um breytingu á kjarasamningum aðildarfélaga ASÍ


Við ákvæði um orlofsuppbót og desemberuppbót bætist nýr málsliður:

„Fullt ársstarf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof.“


Breytingin tekur gildi 1. júlí 2009. Þar sem um er að ræða leiðréttingu til samræmis við eldri ákvæði um orlofs- og desemberuppbót nær breyting þessi einungis til þeirra kjarasamninga sem fyrir 1. febrúar 2008 voru með viðmiðun við 45 vikur.

Reykjavík, 25. júní 2009

F.h. Samninganefndar ASÍ
um sameiginleg mál vegna
hlutaðeigandi stéttarfélaganna


Ingibjörg R. Lyngmúndsdóttir
KRÍF stéttarfélagið
Stéttarfélagið
Gönguvarðingur
Einar Þórhildursson
Einar Þórhildursson
Einar Þórhildursson
Einar Þórhildursson

F.h. Samtaka atvinnulífsins


Vilhjalmur Guðmundsson
Hannesar, Sigur
Kerfið
Einar Þórhildursson
Einar Þórhildursson
Einar Þórhildursson